

Því dæmist rétt vera:

Vinni kærandi, Hanna Guðrún Jóhannesdóttir, innan 30 daga frá birtingu dóms þessa, eið að því á lögmætu varnarþingi, að hún hafi haft holdlegar samfarir við kærða, Júlíus Fjeldsted Óskarsson, á tímabilinu frá 6. febrúar til 6. apríl 1940, skal hann teljast faðir sveinbarns þess, er kærandi ól 19. nóvember 1940, enda greiði hann þá meðlag með barninu, barnsfarakostnað og styrk fyrir og eftir barnsurð, eftir yfirvaldsúrskurði, og kr. 20.00 í málskostnað til kæranda.

Vinni kærandi ekki eiðinn, á kærði að vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. september 1941.

Nr. 76/1940. **Freygarður Þorvaldsson**
 gegn
Eimskipafélagi Íslands h/f.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Freygarður Þorvaldsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 1. október 1941

Nr. 54/1941. **Réttvísinn og valdstjórnin**
 (Einar B. Guðmundsson)
 gegn
Jóni Ásgeiri Guðmundssyni
 (Lárus Jóhannesson).

Bifreiðalagabrot. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærða varðar við 4. málsg. 26. gr., sbr. 38. og 39. gr. laga nr. 23/1941, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga

nr. 19/1940, og 215. gr. síðarnefndra laga. Þykir refsing ákærða hæfilega sett 45 daga varðhald og svipting ökuleyfis 1 ár frá birtingu héraðsdóms talið.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jón Ásgeir Guðmundsson, sæti 45 daga varðhaldi og skal sviptur ökuleyfi 1 ár frá birtingu héraðsdóms talið.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Jóhannessonar, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 23. maí 1941.

Ár 1941, föstudaginn 23. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af hinum reglulega dómara, Jónatan Hallvarðssyni, sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1381/1941: Réttvisin og valdstjórnin gegn Jóni Ásgeiri Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 16. s. m.

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Ásgeiri Guðmundssyni, bifreiðarstjóra, til heimilis á Reykjavíkurvegi 31 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla alm. hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og lögum nr. 70 8. september 1931 um notkun bifreiða.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 18. júní 1895, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1932 $\frac{7}{10}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á samþ. um bifreiðastæði.
 1933 $\frac{2}{6}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir að aka gegnum skruðgöngu.
 1936 $\frac{2}{10}$ Undir rannsókn útaf ökuóhappi. Ekki talin ástæða til málssóknar.
 1937 $\frac{2}{12}$ Aðvörðun fyrir ljósleysi á bifreið.

1941 ³/₄ Sátt, 25 kr. sekt fyrir að hlýða ekki umferðarmerki lög-
regluþjóns.

S. I. nýjársdag, kl. um 21,45, gengu Dagbjört Ólafía Þorsteins-
dóttir, ekkjufrú, Jófriðarstöðum við Kaplaskjólsvæg, og börn henn-
ar, Kristjana Steinunn Guðjónsdóttir, 17 ára, Garðastræti 33, og
Þorsteinn Guðlaugur Guðjónsson, Sandgerði, fæddur 12. júní 1920,
norður vesturgangstétt Frikirkjuvegur. Dagbjört Ólafía gekk vest-
ast, þá Kristjana, en Þorsteinn Guðlaugur austast, þ. e. a. s. næst
akbrautinni. Mæðgurnar leiddust. Systkinin leiddust einnig, þar til
rétt áður en slys það gerðist, er brátt verður lýst.

Samtímis þessu ók ákærður fólksflutningsleiðubifreiðinni R 1216
norður Frikirkjuveg af Skothúsvegi. Strax og ákærður hafði beygt
af Skothúsvegi inn á Frikirkjuveg, sá hann mjög sterk ljós á bif-
reið, sem var á móts við Frikirkjuna á leið suður götuna. Gaf hann
þá strax merki með því að slökkva og kveikja á víxl tvisvar ljósin
á R 1216, en það átti að gefa til kynna, að hann óskaði, að ljósin
á bifreiðinni, sem á móti honum kom, yrðu minnkuð. Ákærður ók
með um 20 km. hraða miðað við klukkustund, en bifreiðin, sem á
móti honum kom, mun hafa ekið með nokkuð meiri hraða, og
nálguðust þær brátt hvor aðra. Þegar þær nálguðust, gerðu hin
skæru ljós bifreiðarinnar, sem ók suður veginn, það að verkum,
að ákærður sá ekkert fram fyrir sig, Þegar um 10 metrar voru milli
bifreiðanna, slökkti ákærður ljós sinnar bifreiðar til að vita, hvort
hann gæti þá ekki frekar séð til götunnar þannig í ljósum hinnar
bifreiðarinnar, og hafði hann þá hægt ferðina, svo að hann ók með
um 17 km hraða miðað við klst. Skipti það þá engum togum, að
bifreiðarnar mættust, og sú, sem í suður ók, hélt leiðar sinnar, og
hefur ekki vitnast, hvaða bifreið það var. Ákærður ók um meter
frá gangstéttarbrún, eftir því sem næst verður komizt, og samsíða
gangstéttarbrúninni. Þegar bifreiðarnar voru að mætast, varð ákærð-
ur þess var, að bifreið hans rakst á eitthvað, og um leið heyrði
hann, að gler hrundu á götuna. Hann hemlaði þá bifreiðina og
beyrði um leið, að kvenmaður hljóðaði aftan við bifreiðina. Bif-
reiðin nam skjótt staðar, enda voru á henni góðar hemlur, og fór
ákærður úr henni og einnig enskur starfsmaður í Rauðakrossdeild
brezka setuliðsins, en hann hafði setið í framsæti bifreiðarinnar
við hlið ákærðum og var eini farþeginn í bifreiðinni. Þegar þeir
komu út úr bifreiðinni, lá Þorsteinn Guðlaugur Guðjónsson með-
vitundarlaus á götunni skammt aftan við bifreiðina. Hafði hann,
í því er bifreiðina bar að, hrasað út af gangstéttarbrúninni. Hefur
systir hans borið, að hún hafi séð hann stiga upp á gangstéttar-
brúnina, eftir að hann hrasaði út af henni, en ekki sá hún beinlínis
eða tók eftir, hvar hann gekk, þegar bifreiðin rakst á hann. Móðir
hans sá það ekki heldur, og þar sem þeir, er í bifreiðinni sátu, sáu
þau mæðgin alls ekki fyrr en eftir áreksturinn, verður engu slegið

föstu um hreyfingar Þorsteins Guðlaugs í því áreksturinn varð. Hitt er víst, að bifreiðin rakst á hann, svo að hann kastaðist niður á götuna í um tveggja faðma vegalengd frá bifreiðinni. Mun vinstra framhorn hennar hafa rekizt á hann, enda brotnaði vinstra framljósker bifreiðarinnar við áreksturinn. Með aðstoð hins brezka manns og bifreiðarstjóra, sem þarna bar að, tók ákærður hinn slasaða mann upp í bifreið sína og ók þegar með hann á Landsspítalann, og var maðurinn þá enn meðvitundarlaus. Um einni klukkustund eftir að hann kom á spítalann, andaðist hann af sköddun á höfði, er hann hafði fengið við slysið.

Þegar slysið gerðist, var gatan blaut, og var annaðhvort rigning eða nýlega uppstytt, og var ekki góð lýsing á slystaðnum, því að slysið gerðist um það bil mitt á milli götuljóskepa.

Bifreiðin R 1216 var skoðuð daginn eftir slysið, og reyndist hún í góðu lagi að öðru leyti en því, að vinstra ljósker var bilað, en það bilaði, eins og áður segir, við slysið.

Með því að halda áfram akstri bifreiðarinnar, eftir að honum hafði algerlega blindazt útsýn, hefur ákærður brotið 15. sbr. 14. gr. laga nr. 70 8. september 1931 um notkun bifreiða, og þar sem dauða Þorsteins Guðlaugs Guðjónssonar má að minnsta kosti að verulegu leyti kenna þessari háskalegu ógætni ákærða, hefur hann gerzt brotlegur við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febr. 1940.

Þykir refsing ákærðs hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Þá ber að svipta hann rétti til að stýra bifreið í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 50.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærður, Jón Ásgeir Guðmundsson, sæti 30 daga varðhaldi. Hann skal sviptur leyfi til að stýra bifreið í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 50,00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.